

# Skagafjarðarveitur ehf.

## Fundur 12 - 10.12. 2002

Þriðjudaginn 10. desember, árið 2002 kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 16 í Áhaldahúsinu.

Mættir voru stjórnarmennirnir: Árni Egilsson, Gísli Árnason, Einar Gíslason og Páll Pálsson veitustjóri. Margeir Friðriksson ritaði fundargerð.

### DAGSKRÁ:

1. Viðræður við hreppsnefnd Akrahrepps varðandi hitaveitumál.
2. Borun við Kýrholt.
3. Önnur mál

### AFGREIÐSLUR:

1. Hreppsnefnd Akrahrepps kom á fundinn til viðræðna um hitaveitumál. Einnig var viðstaddur Bragi Þór Haraldsson frá Verkfræðistofunni Stoð ehf. sem kynnti fyrir fundarmönnum úttekt sína frá janúar 2002 á möguleikum og kostnaði við lagningu hitaveitu í Akrahrepp frá Varmahlíðarveitu.

Stjórnin samþykkir að fela Verkfræðistofunni Stoð ehf. að endurskoða kostnaðaráætlunina við að koma hitaveitu í Akrahrepp. Einnig samþykkt að gert verði arðsemismat fyrir framkvæmdina.

2. Veitustjóri kynnti stöðu mála varðandi borun við Kýrholt og tillögur varðandi uppgjör fyrir þann hluta borunarinnar sem búinn er.

3. Önnur mál.

a) Veitustjóri kynnti tillögu að nýju merki Skagafjarðarveitna ehf. Stjórnin samþykkir framkomna tillögu.

b) Rætt var um fyrirhugaða sölu á Bræðrá í Hrollleifsdal.

Fleira var ekki á dagskrá. Fundargerðin lesin upp og samþykkt og fundi slitið kl. 1825

Ritari